

## Nova Klúbburinn birtir fyrsta uppgjör effir skráningu á aðalmarkað.

- Stöðugur tekjuvöxtur milli ára þar sem enn fleiri viðskiptavinir eru á stærsta skemmtistað í heimi.
- Góður EBITDA vöxtur á milli ára

### Helstu niðurstöður á öðrum ársfjórðungi:

- Tekjur voru 3.150 m.kr. á öðrum ársfjórðungi 2022 samanborið við 2.942 m.kr. á sama tímabili (7,1% tekjuvöxtur frá F2 2021)
- Félagið skilaði góðum EBITDA vexti eða 14,8% og var EBITDA á öðrum ársfjórðungi 2022 832 m.kr. samanborið við 728 m.kr. á sama tímabili á fyrra ári. EBITDA hlutfallið var 26,4% fyrir annan ársfjórðung samanborið við 24,6% á fyrra ári.
- Rekstarhagnaður (EBIT) var 337 m.kr. samanborið við 255 m.kr. á sama tímabili á fyrra ári en hagnaður tímabilsins var 69 m.kr. og lækkar um 63 milljónir. Lækkunin milli ára skýrist helst af hærri fjármagnsgjöldum sem skýrast m.a. af áhrifum hækkandi verðbólgu.
- Veltufé frá rekstri á fjórðungnum er 832 m.kr. samanborið við 725 m.kr. á sama tímabili 2021.
- Vaxtaberandi skuldir, leiguskuldbindingar og aðrar skuldir í lok tímabilsins námu samtals 10.750 m.kr. í lok tímabilsins og hafa lækkað um samtals 4.226 m.kr. frá áramótum.
- Hrein fjármagnsgjöld eru 254 m.kr. á tímabilinu og hækka um 165 m.kr. á milli ára. Hækkunin skýrst m.a. af hærri stöðu leiguskuldbindinga frá fyrra ári, hærri vöxtum á markaði m.v. fyrra ár sem og mikilli verðbólgu á tímabilinu.
- Heildarfjárfestingar á fyrstu sex mánuðum ársins 2022 námu 1.009 m.kr.
- Eiginfjárhlutfall félagsins var 38,6% í lok 2F 2022 og eigið fé 8.690 m.kr.

### Margrét Tryggvadóttir, skemmtana- & forstjóri:

„Ánægjulegt að sjá fjölgun viðskiptavina á sama tíma og brottfall hefur minnkað á milli ára. Með því að hlúa að ánægju Nova liðsins, viðskiptavina, byggja upp sterka innviði ásamt því að vera með besta dýllinn hefur það skilað sér í excelnum.

Við erum núfímalegur valkostur og fyrsta val 50 ára og yngri. Verðmætur hópur sem vex með okkur og vill kaupa meiri þjónustu af Nova. Hópurinn kann að meta það sem við höfum fram að færa hvort sem það er myndlyklalaust líf, úrlausn eða nýjustu þjónustuna okkar Sjálfsvörn. Við viljum vera fyrst inn í framtíðina með snjallar lausnir. Nova Klúbburinn er með stöðugan tekjuvöxt eða 6,8% á fyrstu 6 mán í samanburði við fyrra ár. Fjölgun viðskiptavina í farsíma- og netþjónustu er þar helsta skýring og fjölgaði viðskiptavinum um 6,7%. Vörusala minnkar þar sem við teljum að helsta skýring er að neysla fer í ferðalög frekar en raftæki sem sést á að reikitekjur aukast á sama tímabili.

Nova hefur frá upphafi verið í farabroddi í innleiðingu nýjustu tækni og er komið lengst í uppbyggingu 5G á Íslandi. Í dag býður Nova 5G í 19 bæjarfélögum og á stór höfuðborgarsvæinu. Settir hafa verið upp 70 sendar og áætluð við að í árslok verði þeir 106. Við munum halda áfram og á árinu munu 9 sveitarfélög bættast við ásamt sumarbúastaðasvæðum. Með góðum rekstri höfum við á ársfjórðungnum unnið enn frekar í að styrkja innviði okkar. Fjárfestingar á fyrri helmingi ársins voru milljarður sem er í takt við áætlanir. Á fjórðungnum var undirritað samstarf við Ljósleiðaran sem og við Sýn. Báðir samningar flýta enn frekar fyrir uppbyggingu á 5G, tryggja hagræði og skalanleika inn í framtíðina.

## Helstu niðurstöður í rekstri á fyrri helming ársins

### Rekstrarreikningur

	2F 2022	2F 2021	Breyting	%	6m 2022	6m 2021	Breyting	%
<b>Heildar rekstrartekjur</b>	<b>3.150</b>	<b>2.942</b>	<b>207</b>	<b>7,1%</b>	<b>6.122</b>	<b>5.730</b>	<b>391</b>	<b>6,8%</b>
Kostnaðarverð seldra vara	1.645	1.634	11	0,7%	3.159	3.139	20	0,6%
Laun og launatengd gjöld	430	403	27	6,7%	856	794	63	7,9%
Annar rekstrarkostnaður	243	180	62	34,6%	459	362	97	26,8%
<b>Heildar rekstrargjöld</b>	<b>2.317</b>	<b>2.217</b>	<b>100</b>	<b>4,5%</b>	<b>4.474</b>	<b>4.294</b>	<b>180</b>	<b>4,2%</b>
<b>EBITDA</b>	<b>832</b>	<b>725</b>	<b>108</b>	<b>14,8%</b>	<b>1.648</b>	<b>1.437</b>	<b>211</b>	<b>14,7%</b>
EBITDA%	26,4%	24,6%	1,8%	7,3%	26,9%	25,1%	1,9%	7,4%
Afskriftir	(-495)	(-469)	-25	5,4%	(-965)	(-977)	12	-1,2%
<b>Rekstrarhagnaður</b>	<b>337</b>	<b>255</b>	<b>82</b>	<b>32,2%</b>	<b>683</b>	<b>460</b>	<b>223</b>	<b>48,5%</b>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(-254)	(-89)	(-165)	185,2%	(-486)	(-170)	(-316)	185,7%
Hagnaður v. sölu á hlutdeildarfyrt.	0	0	0	0,0%	0	250	-250	0,0%
Tekjuskattur	(-15)	(-34)	20	-58%	(-39)	(-57)	19	-32,3%
<b>Hagnaður tímabilsins</b>	<b>69</b>	<b>132</b>	<b>-63</b>	<b>-47,9%</b>	<b>159</b>	<b>483</b>	<b>-324</b>	<b>-67,2%</b>

Heildartekjur á fyrstu 6 mánuðum ársins hækkuðu um 6,8% frá fyrra ári og námu samtals 6.122 m.kr. EBITDA hækkaði um 14,7% frá fyrra ári og nam samtals 1.648 m.kr. á fyrstu 6 mánuðum ársins. Undir öðrum rekstrarkostnaði á fyrstu 6 mánuðum ársins er gjaldfærður einskiptiskostnaður upp á 66 m.kr. vegna skráningar félagsins á aðalmarkað Nasdaq í júní. Leiðrétt fyrir þeim einskiptisliðum væri EBITDA vöxturinn 19,3% á milli ára. EBITDA hlutfallið á fyrri árs helming 2022 er 26,9% samanborið við 25,1% á fyrri árs helming 2021.

Rekstrarhagnaður (EBIT) hækkaði um 48,5% og nam samtals 683 m.kr. samanborið við 460 m.kr. á sama tímabili á fyrra ári. Hagnaður á fyrri helming ársins var 159 milljónir og lækkar um 324 milljónir frá sama tímabili á fyrr ári. Sú lækkun skýrist helst af því að á fyrra ári innleysti félagið 250 m.kr. hagnað vegna sölunnar á AUR app ehf og á núverandi ári hefur félagið gjaldfært áðurnefndan einskiptis kostnaður vegna skráningar á hlutabréfamarkað upp á 66 m.kr., einnig eru fjármagnsgjöldum 316 m.kr. hærrí en á síðasta ári m.a. vegna hækkunar á leiguskuldbindingum og mikillar verðbólgu á tímabilinu.

### Efnahagur

	30.6.2022	31.3.2022	31.12.2021
Viðskiptavild	10.049	10.049	10.049
Óefnislegar eignir	1.732	1.781	1.828
Rekstrarfjármunir	3.833	3.529	3.596
Leigueignir	3.518	3.326	3.269
Aðrar eignir	3	3	3
Tekjuskattsinneign	447	417	404
<b>Fastafjármunir samtals</b>	<b>19.582</b>	<b>19.104</b>	<b>19.148</b>
Birgðir	477	473	389
Viðskiptakröfur	1.092	1.066	1.044
Aðrar skammtímakröfur	372	337	1.541
Handbært fé	970	892	2.179
<b>Veltufjármunir samtals</b>	<b>2.911</b>	<b>2.768</b>	<b>5.154</b>
<b>Eignir samtals.....</b>	<b>22.493</b>	<b>21.872</b>	<b>24.302</b>
<b>Eigið fé.....</b>	<b>8.690</b>	<b>5.227</b>	<b>5.137</b>
Vaxtaberandi langtímaskuldir	2.337	5.685	6.738
Tekjuskattskuldbinding	0	0	0
Leiguskuldbindingar	5.488	5.285	5.223
Aðrar skuldir	2.596	2.521	2.499
<b>Langtímaskuldir samtals</b>	<b>10.420</b>	<b>13.492</b>	<b>14.460</b>
Næsta árs afb. langtímaskulda	149	226	347
Viðskiptaskuldir	1.000	581	765
Ógreiddir skattar	1.272	1.269	1.288
Næsta árs afb. leiguskuldb. og annarra s	181	176	169
Aðrar skammtímaskuldir	781	902	2.136
<b>Skammtímaskuldir samtals</b>	<b>3.383</b>	<b>3.154</b>	<b>4.706</b>
<b>Skuldir samtals.....</b>	<b>13.803</b>	<b>16.646</b>	<b>19.165</b>

Fastafjármunir félagsins námu 19.582 m.kr. í lok tímabilsins en voru 19.148 m.kr. um áramót.

Veltufjármunir félagsins námu samtals 2.911 m.kr. í lok tímabilsins en voru 5.154 m.kr. um áramót. Lækkunin skýrist fyrst og fremst af lækkun annara skammtímakrafna sem lækkuðu um 1.266 m.kr. eftir greiðslu frá mótaðila um miðjan febrúar, en einnig nýtti félagið sterka lausafjárstöðu og greiddi 1.100 m.kr. inn á vaxtaberandi skuldir í lok febrúar.

Eigið fé félagsins nam 8.690 m.kr. í lok tímabilsins en var 5.137 m.kr. um áramót. Í apríl var framkvæmd hlutafjárhækkun að virði 3.500 m.kr. þar sem 3.400 m.kr. voru nýttar til lækkunar á vaxtaberandi skuldum félagsins. Eiginfjárhlutfall félagsins var 38,6% í lok tímabilsins.

Langtímaskuldir félagsins námu samtals 10.420 m.kr. í lok tímabilsins en voru 14.460 m.kr. um áramót. Lækkunin skýrist af ofangreindum innborgunum inn á vaxtaberandi skuldir að samtals 4.500 m.kr. frá áramótum.

Skammtímaskuldir félagsins námu 3.383 m.kr. í lok tímabilsins en voru 4.706 m.kr. um áramót. Lækkunin skýrist aðallega af lækkun á öðrum skammtímaskuldum upp á 1.266 m.kr. sem voru gerðar upp í febrúar samhliða greiðslu á skammtímakröfu upp á sömu upphæð.

**Sjóðstreymi**

	2F 2022	2F 2021	Breyting	%		6m 2022	6m 2021	Breyting	%
<b>Veltufé frá rekstri</b>	<b>832</b>	<b>725</b>	<b>108</b>	<b>14,8%</b>		<b>1.648</b>	<b>1.687</b>	<b>-39</b>	<b>-2,3%</b>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	264	347	-83	-23,9%		(-82)	245	-327	-133,6%
Vaxtatekjur (Vaxtagjöld)	(-174)	(-87)	-87	99,9%		(-370)	(-172)	-197	114,6%
Greiddir skattar	(-42)	(-50)	8	0,0%		(-85)	(-100)	16	-15,5%
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>880</b>	<b>934</b>	<b>-54</b>	<b>-5,8%</b>		<b>1.111</b>	<b>1.659</b>	<b>-548</b>	<b>-33,0%</b>
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	(-640)	(-468)	-173	36,9%		(-858)	(-814)	-44	5,4%
Fjárfesting í óefnislegum eignum	(-76)	(-64)	-13	19,6%		(-151)	(-125)	-27	21,4%
Fjárfesting í dóttur- eða hlutdeildarfélagi	0	0	0	0,0%		0	(-5)	5	521,3%
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>	<b>(-717)</b>	<b>(-532)</b>	<b>-185</b>	<b>34,8%</b>		<b>(-1.009)</b>	<b>(-944)</b>	<b>-65</b>	<b>6,9%</b>
Hlutfjárhækkun	3.395	0	3.395	100,0%		3.395	0	3.395	100,0%
Afborgun leiguskuldbindinga	(-37)	(-29)	-8	28,4%		(-73)	(-57)	-15	26,9%
Afborgun annarra langtímaskuldbindinga	(-10)	0	-10	100,0%		(-19)	0	-19	100,0%
Afborganir langtímalána	(-3.433)	(-100)	-3.333	3333,2%		(-4.613)	(-200)	-4.413	2206,6%
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>	<b>(-85)</b>	<b>(-129)</b>	<b>44</b>	<b>-34,1%</b>		<b>(-1.310)</b>	<b>(-257)</b>	<b>-1.053</b>	<b>409,2%</b>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	78	274	-196	-71,4%		(-1.208)	458	-1666	-363,8%
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(-0)	(-1)	0	-39,3%		(-0)	1	-1	-122,2%
Handbært fé í upphafi tímabilsins	892	381	511	134,1%		2.179	195	1983	1014,7%
<b>Handbært fé í lok tímabilsins</b>	<b>970</b>	<b>655</b>	<b>316</b>	<b>48,2%</b>		<b>970</b>	<b>655</b>	<b>316</b>	<b>48,2%</b>

Veltufé frá rekstri nam 1.648 m.kr. á fyrri helming ársins í samanburði við 1.687 m.kr. á sama tímabili á fyrra ári.

Handbært fé frá rekstri er 1.111 m.kr. og lækkar um 548 m.kr. frá sama tímabili á fyrra ári, lækkunin skýrist af 197 m.kr. hærri vaxtagreiðslum á tímabilinu miðað við sama tímabil á fyrra ári sem og breytingum á rekstrartengdum eignum sem eru neikvæðar um 82 m.kr. á fyrri helming þessa árs en voru jákvæðar um 245 m.kr. á sama tímabili á fyrra ári.

Fjárfestingahreyfingar námu 1.009 m.kr. á fyrri helming ársins í samanburði við 944 m.kr. á sama tímabili á fyrra ári.

Fjármögnunarhreyfingar eru 1.310 m.kr. á tímabilinu í samanburði við 257 m.kr. á sama tímabili á fyrra ári. Á fyrri helming þessa árs hafa verið greiddar 4.500 m.kr. inn á vaxtaberandi skuldir til viðbótar við samningsbundnar greiðslur, einnig var framkvæmd hlutfjárhækkun í apríl að heildarvirði 3.500 m.kr.

## Horfur fyrir árið 2022

Spá fyrir árið 2022 er óbreytt og gerir ráð fyrir að tekjur verði á bilinu 12.700 m.kr. til 12.950 m.kr. og EBITDA verði á bilinu 3.350 m.kr. til 3.550 m.kr. Áætlað er að heildar fjárfestingar verði um það bil 12,9% af heildartekjum.

## Þjónusta við hluthafa og fjárfesta

Fyrsta uppgjörspartý Nova Klúbbsins er haldið í dag kl. 16:15 í Lág múla 9 þar sem uppgjör fyrir annan ársfjórðun 2022 er kynnt og farið yfir það helsta á stærsta skemmtistaði í heimil! Allir áhugasamir eru velkomnir en einnig er hægt að fylgjast með í streymi á fjárfestasíðu Nova.

Þyngjan og Fortuna Invest munu fjalla um uppgjórið og fara yfir þær spurningar sem brenna á fjárfestum og hluthöfum.

Fjárfestar og hluthafar geta skráð sig í aðdáendaklúbbinn og þannig fengið fréttir beint á neffangið sitt..

Hægt er að senda inn spurningar á [fjarfestatengsl@nova.is](mailto:fjarfestatengsl@nova.is) eða óska eftir fundi.

Nánari upplýsingar má nálgast á [fjarfestavef Nova](http://fjarfestavef.nova.is) á og í fréttakerfi Nasdaq Iceland

## Fjárhagsdagatal 2022

Árshlutauppgjör 3F 2022  
 Ársuppgjör 2022  
 Aðalfundur 2023

27. október 2022  
 2. mars 2023  
 16. mars 2023



## **Nova**

Nova var stofnað árið 2006 og er nú orðið eitt af stærstu og öflugustu fjarskiptafyrirtækjum landsins. Fyrirtækið á og rekur sína eigin virku innviði vítt og breitt um landið. Í Nova liðinu eru um 150 starfsmenn á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og Selfossi. Nova hefur frá upphafi verið í farabroddi í innleiðingu nýjustu tækni og hefur fjárfest markvisst í uppbyggingu virkra innviða í sinni eigu sem mun tryggja Nova áframhaldandi forystu á fjarskiptamarkaði. Farsíma- og netkerfi Nova nær til 98% landsmanna.

## **Nánari upplýsingar**

Margrét Tryggvadóttir skemmtana- & forstjóri, [margret@nova.is](mailto:margret@nova.is), s. 770 1070  
Þórhallur Jóhannsson fjármálastjóri, [thorhallurj@nova.is](mailto:thorhallurj@nova.is), s. 770 1090.